

Sveitarfélög og opinber fjármál



Karl Björnsson
frankvæmdastjóri Sambands
íslenskra sveitarfélaga

Með setningu laga nr. 123/2015 um opinber fjármál hófst ný og merkileg saga í fjármálum hins opinbera. Undirliggjandi meginmarkmið laganna er að innleiða sameiginlega langtímahugsun í fjármálastjórn hjá ríki og sveitarfélögum. Með setningu sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 var sveitarfélögum gert að gera áætlanir til fjögurra ára. Fyrir hver áramót ber þeim að samþykka fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og síðan þriggja ára áætlun til viðbótar. Þessa langtímahugsun hefur algjörlega skort í fjármálastjórn ríkisins.

Fjármálastefna og -áætlun

Í kjölfar bankahrunsins á Íslandi 2008 leitaði þáverandi ríkisstjórn eftir lánaþyrriðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Lánveitingunni fylgdi ítarleg efnahagsáætlun sem miðaði að því að koma á efnahagslegum stöðugleika. Snar þáttur í efnahagsáætluninni var samkomulag milli ríkisstjórnarinnar við sjóðinn um stjórnun fjármála hins opinbera. Samband íslenskra sveitarfélaga gerði athugasemd við það að sveitarfélögin hefðu ekki komið að gerð samningsins þó svo að hlutur þeirra nemi rúmum þriðjung af sameynsluútgjöldum hins opinbera. Fundað var með fulltrúum AGS, þar sem sjónarmiðum sambandsins um mikilvægi þess að sveitarfélögin kæmu að stjórnun opinbera fjármála var komið á framfæri. Þessi málflutningur skilaði sér í því að þegar vinna hófst við smíði frumvarps um opinber fjármál var frankvæmdastjóra sambandsins boðið að sitja í styrinefnd sem hafði umsjón með verkinu. Þess var gætt að öll ákvæði laganna sem fjölluðu um sameiginleg fjármál ríkis og sveitarfélaga væru mótuð í góðri sátt aðila.

Afurd þessarar samvinnu kemur að mestu fram í 11. gr. laganna um samskipti og sam-

Mynd 1 Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaganna sem hlutfall af tekjum 2002 - 2015



råd ríkis og sveitarfélaga. Formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélögin skal viðhaft um móton fjármálastefnu og fjármálaáætlunar. Ráðherra fjármála skal leita samkomulags við Samband íslenskra sveitarfélaga, fyrir hönd sveitarfélaga, áður en áætlunin er lögð fyrir Alþingi, þar sem m.a. er fjallað um eftirfarandi þætti:

1. Markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga til næstu fimm ára.
2. Ráðstafanir til að tryggja að markmið um afkomu sveitarfélaga náist.
3. Fjármögnun opinberrar þjónustu og tekjur sveitarfélaga.
4. Verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Á ríki og sveitarfélögum hvílir gagnkvæm skylda til að leggja fram greinargóðar upplýsingar um afkomu, skuldbindingar og eignir á næstliðnum tveimur árum og áætlaða þróun þeirra næstu fimm ár. Samband íslenskra sveitarfélaga skal hafa umsjón með upplýsingaöflun um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga og stofnana og félaga í þeirra eigu.

Á síðasta ári var fyrsta samkomulag aðila gert á grundvelli nýju laganna. Vegna tímaskorts var fjármálastefnan og fjármálaáætlunin

til næstu fimm ára unnin samhliða. Á þessu ári var á hinn bóginn unnið með þessi mál í réttari röð. Fyrst var fjármálastefnan mótuð og samþykkt á Alþingi. Fjármálastefnan felur í sér markmið um afkomu- og skuldaþróun hins opinbera og opinberra aðila í heild og eru þau dregin saman í eftirfarandi töflu.

Sá rammi sem fjármálastefnan markar er algjört grundvallaratriði sem byggja þarf á við útfærslu opinberra fjármála næstu árin. Fjármálaáætlun þarf að rúmast innan þessarar stefnu og fjárlög hvers árs þurfa að rúmast innan fjármálaáætlunar.

Eins og fram kemur er gert ráð fyrir að heildarafkoma sveitarfélaga í A-hluta, sem er sá hluti í starfsemi sveitarfélaga sem fjármagnaður er með skatttekjum, verði jákvæð. Einnig er gert ráð fyrir að skuldir sveitarfélaga fari lækkandi. Fjárhagsupplýsingar í fjármálastefnunni eru settar fram á svokölluðum GFS-staðli sem felur m.a. í sér að fjárfestingarútgjöld eru hluti heildarútgjalda. Þessi framsetning er sveitarstjórnarmönnum ekki töm og nokkurn tíma mun taka fyrir þá

framb. á bls. 2

- 1 Fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga gerir ríkar kröfur um ábyrga fjármálastjórn og áætlanagerð.
- 2 Lög um opinber fjármál hafa mikla þýðingu fyrir sveitarfélögin og ákveðin viðhorfsbreyting hefur átt sér stað.
- 3 Seðlabankinn teflir djart með því að lækka vexti á toppi hagsveiflunnar við mikla undirliggjandi þenslu.
- 4 Ótti stjórnmalamanna við hugtök eins og einkvæðingu má ekki hamla framþróun og framleiðni aukningu.

að hafa hliðsjón af henni við fjármálastjórn.

Þegar ríki og sveitarfélög fjalla um sameiginleg fjármál hins opinbera er staða aðila mjög ólík. Ríkið er með sína miðstýringu og kemur fram sem einn aðili í samskiptunum. Samband íslenskra sveitarfélaga er á hinn bóginn málsvari 74 sveitarfélaga sem öll hafa sinn sjálfsákvörðunarrétt. Sá réttur er í raun óvenju mikill í samanburði við önnur lönd í OECD þegar lítið er til sjálfstæðis í tekjuöflun. Tæplega 90% tekna sveitarfélaga eiga uppruna sinn í sköttum og þjónustugjöldum sem þau sjálf leggja á íbúa sína og fasteignaeigendur í sveitarfélögum, en rétt rúmlega 10% er bein millifærsla frá ríkissjóði í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Í mörgum löndum eru þessu öfugt farið.

Fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga gerir ríkar kröfur til þeirra um að þau hagi fjármálum sínum á ábyrgan hátt. Það hafa þau flest gert í árána rás og munu örugglega gera áfram. Viðbrögð þeirra þegar hrúnið brast á sýna að þau geta brugðist hratt við og dregið saman seglin og aðlagð fjármál sín ytri aðstæðum mun fyrir en ríkið. Vissulega hækkuðu skuldir sveitarfélaga á þessum tíma en síðustu ár hafa sveitarfélögin markvisst verið að greiða niður skuldir sínar, eins og mynd 1 sýnir glögglega. Skuldahlutfallið hækkaði verulega í hruninu og skuldir og skuldbindingar A- og B-hluta sveitarfélaga námu yfir 220% af tekjum árið 2010. Fimm árum síðar var þetta hlutfall komið undir hið lögbundna 150% mark og vísbendingar um 2016 gefa fyrirheit um umtalsverða lækkun.


Þegar horft er til reksturs sveitarfélaga á undanföllum árum blasir við að óstöðugt efnahagsumhverfi litar mjög afkomuna, eins og mynd 2 sýnir.

Mikilvægt samkomulag

Í samkomulagi Sambands íslenskra sveitarfélaga við fjármála- og efnahagsráðuneytið og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið frá 6. apríl 2017, sem gert er á grundvelli laganna um opinber fjármál, er staða sambandsins og sveitarfélaganna m.t.t. stjórnunar opinberra fjármála nánar skýrð. Fram kemur að aðilar samkomulagsins hafi þann sameiginlega skilning að samkomulagið bindi ekki ákvarðanir einstakra sveitarfélaga. Á hinn bóginn feli það í sér að Samband íslenskra sveitarfélaga beiti sér fyrir því að sveitarfélögin muni sem heild haga fjármálum sínum þannig að þau virði ákvæði og forsendur samkomulagsins.

Með sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 var sett ákvæði um fjármálaeign sveitarfélaga. Þær fela í sér jafnvægisreglu í rekstri sem skyldar sveitarfélögin til að hafa jákvæða niðurstöðu á hverju þriggja ára tímabili.

Mynd 2 Rekstur A-hluta sveitarfélaga 2002 - 2015 sem hlutfall af tekjum



Einnig að skuldir A- og B-hluta, sem reiknaðar eru á tiltekinn hátt, skuli ekki vera hærri en sem nemur 150% af tekjum. Sveitarfélögin hafa almennt sýnt að þau taka þessar reglur mjög alvarlega og hafa kappkostað að haga fjármálum sínum í samræmi við þær. Í lögum um opinber fjármál eru settar fram nýjar reglur um skuldir og fleira. Í útfærslu og við móttöku sameiginlegs skilnings ríkis og sveitarfélaga á þeim reglum var niðurstaðan að meginþungi í aðlögun að markmiðum fjármálastefnu og fjármálaáætlunar hvíli á ríkinu. Við þau skilyrði þegar sveitarfélögin uppfylli fjármálaeign sveitarstjórnarlaganna

hvíli aðlögunin alfarið á ríkinu. Í gildandi fjármálastefnu má sjá þess merki að þessi skilningur hefur náð fram að ganga.

Í samkomulaginu er fjallað um mörg mikilvæg verkefni sem aðilar eiga að vinna að fyrir gerð nýs samkomulags á næsta ári. Fjárhagslegar forsendur fjármálastefnunnar skulu rýndar betur og bæta þarf þau gögn um afkomu og áætlanir sem mynda forsendurnar. Endurskoða þarf regluverk til að samræmda fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga til skemmri og lengri tíma og tryggja að framsetning fjárhagsupplýsinga endurspegli stöðu

framh. á bls. 4

Tafla 1 Afkomu- og skuldapróun 2017 - 2022
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Hið opinbera, A-hluti						
Heildarafkoma	1	1,6	1,6	1,5	1,4	1,3
þar af ríkissjóður, A-hluti	1	1,5	1,4	1,3	1,2	1,1
þar af sveitarfélög, A-hluti	0	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2
Skuldir*	37	34	30	28	27	26
þar af ríkissjóður, A-hluti	31	28	24	23	22	21
þar af sveitarfélög, A-hluti	5,9	5,8	5,5	5,2	5	5
Opinberir aðilar í heild						
Heildarafkoma	0,5	1,6	2,1	2,5	2,4	2,3
þar af hið opinbera, A-hluti	1	1,6	1,6	1,5	1,4	1,3
þar af fyrirtæki hins opinbera	-0,5	0	0,5	1	1	1
Skuldir*	59	55	50	47	45	43
þar af hið opinbera, A-hluti	37	34	30	28	27	26
þar af fyrirtæki hins opinbera	22	21	20	19	18	17

*Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. [123/2015](#), um opinber fjármál.

Vaxtalækkun á toppinum

Peninganefnd Seðlabankans ákvað sem kunnugt er að lækka stýrivexti úr 5% í 4,75% þann 17. maí. Vaxtalækkunin grundvallast á endurskoðaðri efnahagsspá sem birtist í nýjum Peningamálum.

Krónan vegur þyngra en framleiðsluspennan

Ljóst er að tveir meginþættir kallast á í tengslum við vaxtalækkunina. Í fyrsta lagi er ljóst að mikil spenna er í hagkerfinu og á vinnumarkaði vegna sívaxandi umsvifa í ferðaþjónustunni. Þannig er gert ráð fyrir meiri hagvexti á þessu ári en í febrúarspá bankans. Meiri slaki er í ríkisfjármálunum en búist var við og húsnæðisverð er farið að sigla fram úr aukningu ráðstöfunartekna.

Á hinn bóginn er gert ráð fyrir krónan haldi áfram að styrkjast og virðist sú staðreynd vegna mest í þeirri ákvörðun að lækka vextina þrátt fyrir miklar andstaður í efnahagsmálum. Verðbólga hefur þrátt fyrir allt haldist lág og verðbólguvæntingar markaðsaðila eru innan verðbólgu markmiðs Seðlabankans til skamms tíma þótt væntingar séu um aukna verðbólgu þegar líður á árið. Þá gera markaðsaðilar ráð fyrir að verðbólgan verði að meðaltali 2,8% næstu fimm ár sem er yfir verðbólgu markmiðinu. Peningastefnunefndin telur að tryggja megi verðstöðugleika „til meðallangs tíma“ með vaxtalækkuninni eins og fram kom í yfirlýsingu hennar. Hún mun þó án efa fylgjast mjög grannt með framvinduinni á næstunni vegna mikillar spennu í efnahagslífinu.

Ferðaþjónustan

Útflutningsvöxtur hefur verið gríðarlegur í kjölfar uppgangsins í ferðaþjónustunni. Á síðasta ári jókst útflutningurinn um ríflega 11% og í ár er búist við 10% vexti sem er meira en áður var gert ráð fyrir. Ferðaþjónustan er langstærsti undirlíðurinn í þessum mikla vexti, en samkvæmt tölum Ferðamálastofu varð yfir 50% aukning í fjölda ferðamanna á fyrstu fjórum mánuðum ársins miðað við sama tíma 2016. Þá er sjávarútvegurinn að rétta úr kútnum.

Aðlögunarhæfni krónunnar

Gengi krónunnar var 18% hærra á fyrsta ársfjórðungi en á sama tíma árið 2016. Þetta er um 3% meiri gengisstyrking en Seðlabankinn áætlaði og gerir bankinn ráð fyrir að króna haldi áfram að styrkjast á næstunni, þó með minni hraða en að undanfögnu. Enginn vafi er á að gengi krónunnar hefur leikið stórt hlutverk í aðlögunarhæfni þjóðarbúsins

vegna stóraukinna útflutningstekna og umsvifa. Að mati aðalhogfræðings Seðlabankans endurspeglar gengisstyrkingin fyrst og fremst batnandi grunnþætti sem leitt hefur til herra jafnvægisraungengis. Hagvöxtur hefði ella orðið um 3% meiri á síðasta ári sem hefði þýtt miklum mun meiri framleiðsluspennu og aukna verðbólgu.

Hagvöxtur umfram spár

Hagvöxtur var yfir 10% á seinni árhelmingi 2016, en 7,2% fyrir árið í heild. Þetta er yfir 1% meiri hagvöxtur en Seðlabankinn spáði í febrúar. Skýringin á þessu frávik felst fyrst og fremst í hagstæðari utanríkisviðskiptum sem rekja má til meiri vaxtar í ferðaþjónustunni en bankinn spáði. Þjóðarútgjöld eru hins vegar í takti við spár. Ljóst er að áhrifa stóraukinna umsvifa í ferðaþjónustunni gæti bæði í samkeppnis- og þjónustugeiranum ef horft er á framleiðsluuppgegjör þjóðhagsreikninganna.

Aukinn sparnaður

Einkaneyslan hefur vaxið að meðaltali um 5% á síðustu árum og nam vöxtur hennar tæpum 7% í fyrra eins og áður segir. Þrátt fyrir það er sparnaður að aukast enda hafa launatekjur hækkað enn meira. Eins og fram kom í erindi aðalhogfræðings á kynningu í tengslum við útgáfu nýrra Peningamála er mjög merkjanlegur munur á þróun einkaneyslu og sparnaðar nú en á fimm ára vaxtarskeiðinu árin 2003 - 2007. Einkaneyslan á síðasta ári jókst svipað og að meðaltali árin 2003 - 2007. Á hinn bóginn er sparnaður heimila um fjórfalt meiri en hann var árin fyrir efnahagshrun.

Hagstæður viðskiptajöfnuður

Viðskiptajöfnuður hefur verið hagstæður frá árinu 2009. Á síðasta ári var viðskiptajöfnuðurinn jákvæður um 8% af vergri landsframleiðslu sem er mesti afgangur sem mælst hefur að árinu 2009 meðtöldu. Á síðasta vaxtarskeiði fyrir um áratug síðan var hins vegar viðvarandi halli á viðskiptajöfnuði sem náði hámarki á árinu 2006 þegar hann slagði í að vera 25% af vergri landframleiðslu. Þá var stór hluti umsvifa fjármagnaður með erlendu lánsfé eins og flestir muna. Viðskiptaafgangurinn nú hefur hins vegar verið nýttur í að styrkja gjaldeyrisfordænum og til niðurgreiðslu erlendra skulda. Þjóðhagslegur sparnaður var 29,3% af vergri landsframleiðslu á síðasta ári og hefur einungis einu sinni mælst meiri þ.e. á árinu 1965.

Slökun í ríkisfjármálum

Á árinu 2015 slaknaði á aðhaldi í ríkisfjármál-

um sem nemur 1,1% af landsframleiðslu og um 0,3% á síðasta ári sé leiðrétt fyrir hagsveiflunni. Á þessu ári mun aðhaldið minnka enn frekar eða sem nemur 1,4% af landsframleiðslu. Aðhaldið í ríkisfjármálum er minna en Seðlabankinn hefur gert ráð fyrir í sínum spám. Hins vegar myndi sú breyting að færa ferðaþjónustuna í sama virðisaukaskattsprep og aðrar atvinnugreinar í landinu hafa jákvæð áhrif á aðhaldsstig ríkisfjármálanna á árinu 2018.

Horfur á áframhaldandi miklum vexti

Samkvæmt spá Seðlabankans er gert ráð fyrir að hagvöxtur á yfirstandandi ári verði í kringum 6,3%. Þetta er ávintýrlegur vöxtur landsframleiðslunnar, ekki síst í ljósi þess að á undanförunum sex árum hefur landsframleiðslan vaxið samanlagt um yfir 20% að magni til. Eins og áður er vöxturinn drifinn áfram af auknum útflutningstekjum, en meiri slökun í opinberum fjármálum hefur einnig áhrif til aukins vaxtar umfram það sem Seðlabankinn hafði áður gert ráð fyrir. Einkaneyslan verður á svipuðu róli og á síðasta ári eða í kringum 6,7% gangi spár eftir. Talsvert dregur hins vegar úr fjárfestingu, en talið er að hún muni aukast um 8,6% á þessu ári samanborið við 22,7% vöxt á árinu 2016. Munar þar mestu um minni atvinnuvegafjárfestingu. Ekkert lát er hins vegar á fjárfestingu í íbúðarhúsnæði sem talin er aukast um 24,5% á yfirstandandi ári. Fjárfesting hins opinbera eykst einnig verulega eða um 19% gangi spár eftir.

Er þetta rétti tíminn til að lækka vexti?

Andstaðurnar í efnahagslífinu eru hrópanandi um þessar mundir. Eins og áður hefur verið fjallað um í Vísbendingu má líkja ástandinu við að tvö hagkerfi séu í landinu þ.e. ferðaþjónustan og síðan „gamla hagkerfið“. Margir muna eftir umræðunni um nýja hagkerfið á árunum fyrir efnahagshrunið. Þá töldu margir að eðlisbreytingar hefðu átt sér stað í efnahagslífinu m.a. vegna nýsköpunar á fjármálamörkuðum. Að mati sumra var hagkerfið hér á landi ekki eins viðkvæmt og áður fyrir sveiflum í gengi krónunnar þar sem „raunhagkerfið myndi leiðrétta allar skekkjur fljótt og örugglega“ eins og einhver hafði á orði á árunum fyrir efnahagshrun. Leiðréttingin kom jú að lokum, en hún var bæði sár og bitur fyrir þjóðina.

Það örlar á að aftur sé farið að leita skýringa á íslenska efnahagsundrunin í eðlis-

breytingum á mörkuðum. Þannig er nú rætt um að jafnvægisraungengið hafi hækkað sem þýðir m.ö.o. að staða atvinnulífsins hafi styrkst til langframa og að þölmörk þess fyrir ytri áföllum hafi aukist. Þá heyrst stundum talað um að verðbólguvæntingar hafi lækkað til framtíðar lítið m.a. vegna ódýrari framleiðslu í Asíulöndum og aukinna netviðskipta. Verðbólguvæntingar eru hins vegar eðli máls samkvæmt lágur þegar fyrirsjáanlegt er að krónan muni halda áfram að styrkast. Þegar öllu er á botninn hvolft virðist fyrst og fremst ein megin breyting skýra ástandið í efnahagsmálum um þessar mundir þ.e. uppgangur ferðaþjónustunnar eftir gosið í Eyjafjallajökli í mars árið 2010. Þessi breyting hefur leitt af sér mikinn búhnykk sem hefur gert þjóðinni kleift að greiða niður skuldir

framh. af bls. 2

sveitarfélaga gagnvart fjármálareglum sveitarstjórnarlaga annars vegar og laga um opinber fjármál hins vegar. Einnig þarf að bæta upplýsingar um afkomu og fjárhagsáætlanir fyrirtækja hins opinbera og treysta greiningu á stöðu og áformum m.t.t. markmiðs um heildarafkomu, fjárfestingar og skuldastöðu. Kanna þarf virkni fjármálareglna sveitarfélaga og hins opinbera með tilliti til hagstjórnarlegra markmiða. Að auki þarf að greina betur tækifæri til sjálfbærni og bætta samhæfingu opinberra fjármála.

Við umfjöllun um fjármál sveitarfélaga undanfarin ár hefur komið berlega í ljós að sveitarfélögin geta ekki með góðu móti lækkað skuldir sínar án þess að draga verulega úr framkvæmdum og fjárfestingu. Flest sveitarfélög hafa lagt þunga áherslu á hagræðingu í rekstri og telja margir að ekki verði lengra gengið í þeim efnum ef sveitarfélög eiga að hafa möguleika á að bjóða með sómasamlegum þá lögbundnu þjónustu sem þeim ber. Þetta þýðir að skoða þarf vel hvort nauðsyn reynist að styrkja tekjugrunn sveitarfélaga svo þau geti bæði fjárfest og greitt niður skuldir. Viðleitni sveitarfélaga að lækka skuldahlutfallið undanfarin ár hefur í reynd bitnað á viðhaldi og uppbyggingu innviða. Í ljósi þessa er ánægjuefni að í samkomulaginu skuli aðilar þess sannmælast um að fara í vinnu við að greina og meta hvort rekstur sveitarfélaga geti talist sjálfbær með tilliti til þróunar tekna, gjalda og skulda. Við athuginuna verði m.a. horft til íbúaþróunar, lýðfræðilegra þátta, forgangsroðunar, lagskyldna, gæða þjónustu, innviða og hagræðingarmöguleika.

Um mörg önnur sameiginleg verkefni er fjallað í samkomulaginu. Nú er unnið að gerð aðgerðaáætlunar vegna þeirra þar sem verkefnaábyrgð og tímasetningar er ákveðnar. Að mati Sambands íslenska sveitarfélaga

og safna gjaldeyrisforða. Samtímis er fjárfest af miklum móð, gríðarleg spenna er á íbúðamarkaði og aukin slökun í ríkisfjármálum. Reykurinn úr vélarrúminu nær enn sem komið er ekki upp á dekk.

Mikill þrýstingur hefur verið á lækkuð vaxta víða úr samfélaginu og virðist að sumu leiti sem peningastefnunefnd sé að friða þau sjónarmið enda veiti gengisstyrking krónunnar nægjanlegt peningalegt aðhald til meðallangs tíma lítið að hennar mati. Það er hins vegar mikilvægt að bæði ríkisfjármála- og peningastefnan horfi fram á veginn til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif þegar hægir á vextinum. Margt bendir til að fremur sé ástæða til að stíga á bremsuna fremur en auka slaka við núverandi aðstæður í efnahagsmálum. **V**

eru þau verkefni sem vinna skal að á grundvelli samkomulagsins mjög mikilvæg í þá átt að styrkja og efla sveitarstjórnarstigið.

Niðurstaða

Að mati greinarhöfundar hafa lögin um opinber fjármál haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélögin. Það hefur orðið ákveðin viðhorfsbreyting hjá sveitarfélögunum í tengslum við aðkomu þeirra að stjórnun opinberra fjármála og ekki síður skiptir máli að skilningur á fjármálum sveitarfélaga hefur aukist mjög í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Til marks um þennan aukna skilning má nefna um 24 ma.kr. framlag ríkisins til sveitarfélaga í tengslum við jöfnun lífeyrisréttinda. Þar með fengu sveitarfélögin, sem hluti hins opinbera, skerf í þeim gríðarmiklu tekjum sem ríkið fékk frá slitabúum föllnu bankanna.

Það er öllum ljóst sem komið hafa að mótnum og framkvæmd nýju laganna um opinber fjármál að um afar mikilvægt framfaraskerf er að ræða við stjórnun opinberra fjármála og í þeirri viðleitni að stunda skynsamlega hagstjórn og treysta stöðugleika í þjóðarþúinu. Í lögunum er margar nýjungar og krefjandi verkefni sem mun örugglega taka tíma að framkvæma á þann hátt að sem flestir verði sáttir við. Einnig eiga samskipti ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laganna eftir að slípast betur til. Eins og fram kemur í samkomulaginu er mikilvægt verkefni að bæta allan talnagrunn fjármálaáætlunar og móta verklag um hvernig með hann verður farið. Ótal önnur verkefni þarf að þróa. Við erum í reynd í stóru og miklu lærdómsferli og við munum örugglega gera einhver mistök á þeirri vegferð. Við skulum læra vel af þeim eins og vera ber, en fyrst og fremst að virða ákvæði laganna af samvissusemi og nýta þau sem það stjórnþæki sem við viljum að skili okkur fram á veginn. **V**

Aðrir sálmar

Einkavæðing og eigendur umræðunnar

Það dylst engum að pólitísk réttshugsun ríkir á ýmsum sviðum á Íslandi. Sem dæmi má nefna umhverfismál, innflytjendamála, áfengisumræðu og einkavæðingu í ríkisrekstri. Ef minnst er á þessa málaflökka í samfélagsumræðu rýs gjarnan upp herfylking rétttrúnaðarsinna, stundum kallaðir eigendur umræðunnar. Þessi rétttrúnaður á gjarnan rætur að rekja í hugmyndafræði stjórnmalaflokka sem eru nálægt jaðrinum. Hugmyndafræði er í eðli sínu ósveigjanleg skoðun. Þeir sem eru á móti virkjunum eru einfaldlega á móti virkjunum svo dæmi sé tekið. Skiptir þá engu hvaða rök liggja fyrir að öðru leiti.

Einkavæðing er annað dæmi. Að undanfögnu hefur verið lífleg umræða um leyfi einkafyrirtækis í Ármúla til að reka sérhæfða sjúkrahúspjónustu með legudeild. Eigendur umræðunnar króðu heilbrigðisráðherrann af í umræðu á Alþingi og fengu hann til að sverja af sér öll einkavæðingaráform í heilbrigðiskerfinu. Ráðherrannum ber lögum samkvæmt að taka afstöðu til starfsleyfis vegna rekstrarins en hefur vikist undan og talið að landlæknir sé búinn að veita leyfið. Þessu er landlæknir hins vegar ósammála og telur að ráðherrann þurfi að taka afstöðu til málsins, hvort sem honum líkar betur eða verr. Þarna eru stjórnmalamenn farnir að Öttast um of eigendur umræðunnar.

Langir biðlistar eru eftir bæklunaraðgerðum á Landspítalanum en Klíníkin veitir þjónustu á því sviði. Í úttekkt Frjálsrar verslunar fyrir nokkrum árum kom fram að um 17 þúsund skurðaðgerðir eru framkvæmdar á einkareknum skurðstofum hér á landi eða álíka margar og á Landspítalanum.

Útvistun verkefna, einkavæðing eða hvað menn vilja kalla það er því nú þegar stór hluti af heilbrigðiskerfinu. Þeir sem sækja sér þjónustu sérfræðilækna eru vel meðvitaðir um þetta, en stórar einkareknar læknastöðvar eru t.a.m. í Domus Medica, Glæsibæ, Orkuhúsinu og í Mjódd. Í úttekkt Frjálsrar verslunar kom jafnframt fram að rekstur einkastöðvanna sé ódýrari og skilvirkari. Ekki er víst að svo sé í öllum tilvikum, en hins vegar er nauðsynlegt að fram fari fagleg umræða um hvaða þjónustu sé hagkvæmt að útvísta og hvað ekki. Það er engin ástæða til að gera hugtakið einkavæðingu að skammaryrði í umræðum um heilbrigðiskerfið. Hún er nú þegar til staðar í ríkum mæli. *sg*

Ritstjóri: Sverrir H. Geirmundsson
 Ábyrgðarmaður: Jóhannes Benediktsson
 Útgefandi: Heimur hf., Borgartúni 23, 105 Rvík.
 Sími: 512 7575.
 Netfang: joiben@heimur.is.
 Prentun: Heimur. Upplag: 700 eintök.
 Öll réttindi áskilin. © Ritið má ekki afrita án leyfis útgefanda.